

Föstudaginn 28. október 1938.

Nr. 41/1938. **Réttvísinn** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Gísla Finnssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir vátryggingarsvik.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að refsing ákærða ákveðst 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að refsingin ákveðst 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði, Gísli Finnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. des. 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Gísla Finnssyni bifreiðarstjóra, Grettisgötu 82 hér í bæ, fyrir

brot gegn 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðru því, sem fram hefir komið í málinu, eru málavextir þeir, sem nú skal greina.

Hinn 30. maí 1936 undirritaði ákærði fyrir hönd dóttur sinnar ófjárráðrar, Erlu, kaupsamning um tvær gamlar 7 manna Studebakerbifreiðar. Var kaupverðið ákveðið kr. 2000.00 og skyldi $\frac{1}{3}$ hluti þess greiðast við undirskrift samningsins, en eftirstöðvarnar með 12 jöfnum mánaðarlegum afborgunum, hverri að upphæð kr. 111.11, og færi fyrsta afborgun fram 30. júní 1936, en sú síðasta 30. maí 1937. Samþykkti ákærði 12 vixla, svarandi til afborgananna, og fékk seljanda þá í hendur. Er til komi, gat ákærði eigi af eigin ramleik greitt $\frac{1}{3}$ kaupverðsins, eins og tilskilið var, og leitaði því til Óskars nokkur Þorsteinssonar í Vestmannaeyjum um lán.

Lagði Óskar þessi fram 6—700 krónur til bifreiðakaupanna, og telur ákærði, að þá hafi verið tilætlunin, að þeir Óskar yrðu í félagi um kaupin. Bifreiðunum var síðan komið á bifreiðaverkstæði hér í bænum, og þar gerð úr þeim ein bifreið. Nam viðgerðarkostnaðurinn, að því er helzt verður séð, kr. 2400.00, og greiddi Óskar hann og fékk bifreiðina afhenta.

Lét hann síðan skrásetja bifreiðina hér á sitt nafn, og fékk hún númerið RE 577. Jafnframt keypti hann lögboðna vátryggingu fyrir bifreiðina hjá Baltica h/f. Stundaði hann síðan akstur hér í bænum þar til í októbermánuði 1936, að hann lagði bifreiðina hér inn til geymslu yfir veturinn, en fór sjálfur til Vestmannaeyja. Hafði hann um sumarið auk fjárhæða þeirra, er áður er getið, greitt 4 af vixlum þeim, er ákærði hafði samþykkt fyrir eftirstöðvum kaupverðs bifreiðanna. Er Óskar kom til Vestmannaeyja, var ákærði þar fyrir, en hann gat ekkert borgað að svo komnu af fé því, er Óskar hafði lagt fram. Í júnímánuði 1937 varð að samkomulagi milli ákærða og Óskars, að ákærði skyldi aka bifreiðinni þetta sumar. Greiddi ákærði honum þá 200 krónur og lofaði jafnframt að greiða eftirstöðvar upphaflega kaupverðsins, sem námu kr. 888.88, en bifreiðin skyldi áfram vera á nafni Óskars og teljast hans eign.

Kom ákærði litlu síðar hingað til bæjarins og stundaði akstur með bifreiðinni frá bifreiðastöðinni „Geysi“.

Hinn 26. júlí s. l. keypti ákærði váttryggingu á bifreiðinni fyrir tjóni o. fl. að upphæð allt að kr. 5000.00 hjá Trolle & Rothe h/f f. h. Baltica, og er váttryggingarskírteinið gefið út á nafn Óskars. Miðvikudaginn 29. september s. l. ók ákærði bifreiðinni til Akraness. Var dóttir hans með honum í bifreiðinni, en auk þess hafði hann nokkurn flutning. Aðfaranótt fimmtudagins gisti hann á Akranesi, en nokkru eftir hádegi á fimmtudaginn lagði hann á stað til Reykjavíkur og var þá einn í bifreiðinni. Ók hann sem leið liggur fyrir Hvalfjörð, en í brekku skammt frá Hvítanesi ók hann bifreiðinni út af veginum og niður í halla, sem veit til sjávar. Er í hallann kom, hellti ákærði nokkru af benzíni, sem hann hafði með sér á 5 lítra smurningsolíubrúsa, á gólfíð í framrúmi bifreiðarinnar og kveikti síðan í því með eldspýtu. Um leið og eldurinn greip um sig hljóp ákærði út úr bifreiðinni, en hann hafði þá losað hana úr gir, og rann hún brennandi niður hallann til sjávar, og brann þar úr henni mest af því, sem brunnið gat.

Ákærði lagðist hinsvegar niður neðan til við veginn og lá þar þangað til gangandi vegfaranda, er hann hafði ekið fram hjá rétt áður, bar að, og gerði ákærði sér þá upp meðvitundarleysi og magnleysi. Ætlaðist ákærði til, að svo liti út sem hann hefði fallið þarna og meiðzt við að kasta sér út úr bifreiðinni, er hún fór út af veginum. Nokkru síðar bar þarna að tvær vörubifreiðar, hlaðnar sláturfjárafurðum, og flutti önnur þeirra ákærða, sem virtist lasburða, til Reykjavíkur um kvöldið.

Daginn eftir tilkynnti ákærði váttryggingarfélaginu bruna bifreiðarinnar og gaf þá og lögreglunni skýrslu um slysið á þá leið, að ákærða varð ekki gefið það að sök, en síðar hefir ákærði, strax og grunur kom upp um það, að ekki væri allt með felldu um slysið, komið fram með hið sanna í málinu samkvæmt framanrituðu.

Ákærði hefir játað, að hann hafi kveikt í bifreiðinni af ásettu ráði. Myndaðist sá asetningur hjá honum smátt og smátt að fyrirfara bifreiðinni og var orðinn ákveðinn eftir að hann lagði af stað frá Akranesi í umrætt skipti. Taldi ákærði, að það, að koma bifreiðinni fyrir kattarnef, mundi

leiða til þess, að váttryggingarfjárhæðin fengist öll greidd, og henni yrði síðan fyrst og fremst varið til þess að greiða allar kröfur, sem bifreiðinni kæmu við eða á henni hvíldu, meðal annars eftirstöðvar upphaflega kaupverðsins, sem ákærði taldi sig ábyrgan fyrir.

Með framangreindum verknaði hefir ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, gerzt brotlegur við 261. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Þykir refsing ákærða, en honum hefir ekki, svo kunnugt sé, verið refsað áður, hæfilega ákveðin 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Þá greiði ákærði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 40.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrm.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Finnsson, sæti 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 40.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1938.

Nr. 49/1938. **Réttvísing** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Carl Friðrik Jensen

(Pétur Magnússon).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn ákvæðum 259. gr. og 2. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga og sviptur atvinnuréttindum samkv. 8. gr. 1. nr. 25/1929.

Dómur hæstaréttar.

Félagið Kolbeinn ungi, sem ákærði veitti forstöðu, var stofnað samkvæmt lögum nr. 36/1921 um sam-